

Sb.

## 144. Tillaga til þingsályktunar

[118. mál]

um upplýsinga- og rannsóknarstofnun verslunarinnar.

Film.: Ellert B. Schram, Ragnhildur Helgadóttir, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að ríkissjóður veiti sérstakri upplýsinga- og rannsóknarstofnun verslunarinnar hliðstæða fjármagnsfyrirgreiðslu og aðrar höfuðatvinnugreinar í landinu eru þegar aðnjótandi.

### Greinargerð.

Í nútíma bióðfélagi er öllum augljós sú brýna nauðsyn, sem á því er, að á hverjum tíma liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um stöðu allra aðalatvinnugreina bióðfélagsins. Samtök í siðvarúttegi, landbúnaði og iðnaði hafa sjálf, og með stuðningi ríkissjóðs, ráðist í umfangsmikla upplýsingasöfnun og gagnavinnslu fyrir blutaðeigandi atvinnugreinar. Auk þess eru reknar sérstakar rannsóknarstofnanir í þágu þessara atvinnugreina.

Eins og nú er háttað málum, er verslunin mjög afskipt í þessum efnum. Verslunin er ein af höfuðatvinnugreinunum og mjög margþætt, bæði að því er varðar mismunandi verslunarstig, verslunarform og tegund vöru og þjónustu. Höfuðáherslu ber að leggja á ítarlega könnun á afkomu og öðrum helstu rekstrarstærðum verslunarinnar, hinum ýmsu starfsháttum hennar og skipulagsuppbyggingu, svo og framlagi verslunarinnar til þjóðarhúskaparins og öðru, sem yrði til að auka almenna þekkingu á versluninni í landinu og mikilvægu hlutverki hennar.

Mikilvægar og afdrifaríkar ákvarðanir hafa verið teknar í málefnum verslunarinnar, án þess að nægjanlegar og haldgóðar upplýsingar hafi verið fyrir hendi. Þetta er að sjálfsögðu mjög bagalegt, bæði fyrir verslunina sjálfa og ekki síður fyrir þá opinberu aðila, sem ákvörðunarvald hafa í verslunarmálum. Jafnframt eru bornar fram alvarlegar ásakanir á hendur versluninni, sem að mestu leyti byggjast á miskilningi og vanþekkingu. Bæði áður og eins í tengslum við þessa gagnrýni hafa opinberir aðilar og fjölmiðlar óskað upplýsinga um afkomu verslunarinnar, starfsemi hennar og reglur, sem hún verður að hlíta. Þetta eru eðlilegar óskir, og ættu upplýsingar þar að lútandi að liggja fyrir. Það er hins vegar borin von, að verslunin geti orðið við þessum sjálfsögðu óskum af því að veigamiklar upplýsingar um fjölmarga þætti verslunarinnar skortir.

Um nokkurt skeið hafa umræður farið fram í og á milli helstu hagsmunasamtaka verslunarinnar um stofnun sjálfstæðrar upplýsinga- og rannsóknarstofnunar verslunarinnar í tengslum við samtökin. Þróskuldurinn í vegi framgangs málsins hefur verið fjármagnsskortur. Með samþykkt þeirrar tillögu, sem hér er flutt, væri gefið vilyrði fyrir fjárhagslegum stuðningi hins opinbera, sem flutningsmenn eru sannfærðir um að nægja mundi til að úr framkvæmd yrði, enda verður að telja, að verslunin eigi siðferðilegan rétt á slíkum stuðningi til jafns við aðrar aðalatvinnugreinar þjóðarinnar.